

Fundur fræðslunefndar Langanesbyggðar, haldinn í grunnskólanum á Þórshöfn, mánudaginn 16. apríl 2012 kl. 16:00.

Mætt: Siggeir Stefánsson formaður, Arnfríður Aðalsteinsdóttir, Halldóra Sigríður Ágústsdóttir, Halldóra Jóhanna Friðbergisdóttir, Helgi Mar Árnason, Hildur Stefánsdóttir, Kristinn Lárusson, María Guðmundsdóttir, Stefán Benjamínsson og Vilborg Stefánsdóttir.

Dagskrá:

1. Skýrsla skólastjóra Grunnskólans á Þórshöfn

- Skólastjóri rakti helstu viðburði í skólastarfinu á undanförunum vikum.
- Undirbúningur fyrir næsta skólaár er hafinn.
- Verkalýðsfélag Þórshafnar styrkti skólann um 50.000 krónur til myndavélakaupa.
- Skrifstofustjóra Langanesbyggðar falið að senda bréf á fyrirtæki í byggðarlaginu þar sem óskað er eftir styrk til kaupa á skjávörpum eða flatskjám.

2. Skýrsla skólastjóra Tónlistarskólans á Þórshöfn

- Nemendur frá skólanum sóttu Nótuna og stóðu sig með stakri þryði.
- Skólinn hefur fengið styrkt til að senda nemendur á tónlistarbúðir í Eistlandi í sumar.
- Áfram er unnið að því að innleiða áfangapróf í skólanum.
- Stefnt er að því að skólinn taki í auknum mæli þátt í faglegu starfi á svæðinu í kring.

3. Skýrsla skólastjóra Grunnskólans á Bakkafirði

- Skólastjóri rakti helstu viðburði í skólastarfinu á undanförunum vikum.
- Undirbúningur fyrir næsta skólaár er hafinn.
- Skrifstofustjóra Langanesbyggðar falið að senda bréf á fyrirtæki í byggðarlaginu þar sem óskað er eftir styrk til kaupa á skjávarpa eða flatskjá.

4. Skýrsla skólastjóra Barnabóls

- Skólastjóri rakti helstu viðburði í skólastarfinu á undanförunum árum.
- Undirbúningur fyrir næsta skólaár er hafinn.
- Fulltrúi skólans sækir ráðstefnu í maí um útinám barna í þéttbýli.
- Útileiksvæði leikskólans þarfnast endurbóta.

5. Skóladagatal fyrir næsta skólaár

- Undirbúningur skóladagatals skólanna er á lokastigi. Umræður um styttingu skólaársins. Skólastjóra GP falið að senda skóladagatalið á nefndarmenn til kynningar.

6. Staða faglegs starfs í skólum sveitarfélagsins, grunn- og leikskólum

Skólastjórar gerðu grein fyrir faglegu starfi í skólum sínum, hvar vel gengur og hvar þarf að skerpa á.

7. Samningur Langanesbyggðar við félags- og skólaþjónustu Norðurþings

Stefnt er að viðræðum við félags- og skólaþjónustu Norðurbings um þjónustusamning við Langanesbyggð, hvað má betur fara og hvaða þjónustu sveitarfélagið hefur rétt á samkvæmt samningnum.

8. Betri skóli – Betri líðan nemenda og starfsfólks

Fengist hefur 400 þúsund króna styrkur úr endurmenntunarsjóði grunnskóla til verkefnisins.

9. Styrkur frá Þróunarsjóði innflytjendamála til stuðnings við nemendur af erlendum uppruna.

Fengist hefur 700 þúsund króna styrkur til verkefnisins úr Þróunarsjóði innflytjendamála. Skipuð hefur verið verkefnastjórn, með fulltrúum allra skóla sveitarfélagsins.

10. Bætt þjónusta við skólagöngu barna með ADHD

Fengist hefur 700 þúsund króna styrkur frá velferðaráðuneytinu til halda námskeið í upphafi haustannar skólaárið 2012-2013.

11. Forvarnarstefna LNB

Verið er að vinna að stefnunni og stefnt að því að hún liggi fyrir fyrir skólaárið 2012-2013.

12. Skólastefna LNB

Enn er unnið að gerð skólastefnunnar en verkið hefur tafist að ýmsum orsökum. Rætt um að hleypa krafti í vinnuna að nýju.

13. Skólapúlsinn

GP hefur verið skráður í Skólapúlsinn og hefst vinnan með foreldrakönnun og nemendakönnun á næsta skólaári. GB mun einnig taka þá í Skólapúlsinum.

14. Ráðning skólastjóra Grunnskólans á Þórshöfn

Auglýst hefur verið eftir skólastjóra en ekki hefur enn verið gengið frá ráðningu.

15. Úttekt menntamálaráðuneytisins á Grunnskólanum á Þórshöfn – Umbótaáætlun

Umbótaáætlun sem unnin var í kjölfar úttektarinnar kynnt. Ákveðið að halda opinn fund um úttektina og áætlunina miðvikudaginn 2. maí nk.

16. Kynningarferð í aðra skóla

Enn er unnið að skipulagningu ferðarinnar. Málið að verða hið vandræðalegasta fyrir skipuleggjendur.

17. Trúnaðarmál, tekið fyrir á trúnaðarfundi.

Fleira ekki gert. Fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundi slitið kl. 20.00